

FÍSOS

Félag íslenskra safna og safnmanna

ÁRSSKÝRSLA

2020 - 2021

Anita Elefsen, formaður / 9. október 2021



Ársskýrsla FÍSOS 2020 – 2021

Anita Elefsen

Stjórn – verkskipting, fundir og almenn umsýsla

Síðasti aðalfundur FÍSOS var haldinn þann 9. desember 2020 – heldur seinna en venja er, sem skýrist af hinum alræmda heimsfaraldri kórónaveirunnar og samkomutakmörkunum. En einmitt af þeim sömu ástæðum var fundurinn haldin á Teams. Á fundinum var kosið í embætti formanns, meðstjórnanda og varamanns til tveggja ára. Helga Maureen Gylfadóttir og Ásdís Þórhallsdóttir gáfu ekki kost á sér áfram, en Sigríður Þorgeirsdóttir bauð sig fram til áframhaldandi stjórnarsetu. Þeim Helgu Maureen og Ásdísi er þakkað kærlega fyrir störf sín í þágu félagsins.

Nýja stjórn FÍSOS skipa þau Anita Elefsen formaður, Gunnþóra Halldórsdóttir varaformaður, Jón Allansson gjaldkeri, Ingibjörg Áskelsdóttir ritari og Þóra Sigurbjörnsdóttir meðstjórnandi. Í stöðu varamanna eru Sigríður Þorgeirsdóttir og Hjörtur Þorbjörnsson. Ákveðið var að halda í þá hefð að bæði aðal- og varamenn sæki fundi stjórnar.

Stjórnin fundaði átta sinnum á starfsárinu, sem þó hefur ekki talið nema tíu mánuði. Allir fundir fóru fram í fjarfundarbúnaði. Stjórnarmenn hafa þar að auki tekið þátt í ýmsum verkefnum á árinu, til að mynda útgáfu Kvists, undirbúningi íslenska safnadagsins, farskóla og undirbúningi fundar með fulltrúum pólitískra framboða í aðdraganda alþingikosninga.

Seta í ráðum og nefndum

Safnaráð

Stjórn FÍSOS ákvað á fundi þann 14. desember 2020 að tilnefna Hlyn Hallsson og Gunnþóru Halldórsdóttur sem fulltrúa FÍSOS í safnaráði frá 1. febrúar 2021 til 31. janúar 2025. Hlynur, sem skipaður var aðalmaður í ráðinu sótti fundi ráðsins á starfsárinu, sem voru sex talsins, líkt og skipunarbréf gerir ráð fyrir.

Húsafriðunarnefnd

Þann 15. febrúar 2021 tilnefndu Íslandsdeild Alþjóðaráðs um minnisvarða og sögustaði (ICOMOS), Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna (ICOM) og FÍSOS þau Helgu Maureen Gylfadóttur og Örlyg Kristfinnsson í húsafriðunarnefnd. Bæði Helga Maureen og Örlygur sótt fundi á vegum nefndarinnar á árinu.

Rannsóknarsetur í safnafræði

Stjórn FÍSOS skipaði á fundi sínum 20. október 2016 Ingibjörgu Áskelsdóttur sem aðalfulltrúa og Lindu Ásdísardóttur sem varafulltrúa í stjórn Rannsóknaseturs í safnafræðum. Enginn fundur hefur verið haldinn á árinu.

Íslenska sögubingið 2021 / 2022

Í október 2019 óskaði undirbúningsnefnd fyrir íslenska sögubingið sem halda átti árið 2021 eftir fulltrúa FÍSOS í þingstjórn. Stjórn FÍSOS skiptaði Ágústu Kristófersdóttur, sagnfræðing og framkvæmdastjóra safneignar hjá Þjóðminjasafni Íslands fulltrúa FÍSOS í þingstjórn. Þinginu var frestað sökum samkomutakmarkana, en dagskrá liggur fyrir og mun þingið fara fram vorið 2022.

Farskólinn – Árlegt landsþing FÍSOS

Farskóli FÍSOS hefur verið haldinn árlega síðan 1989. Farskólinn er mikilvægur vettvangur endurmenntunar og samstarfs meðal íslenskra safna og starfsmanna þeirra. Á hverju hausti hittast safnmenn, bera saman bækur sínar, miðla þekkingu sinni og reynslu hvor með öðrum, heimsækja söfn, sýningar og setur víða um land og styrkja tengslanetið. Farskólinn hefur vaxið og dafnað á rúmum þremur áratugum en grunnstefið er og hefur frá upphafi verið endurmenntun félagsmanna. Ekki má gleyma að maður er manns gaman og þessi árlegu fundir hafa eflt kynnin og skapað góðan félagsanda – og eru mörgum mikið tilhlökkunarefni.

Farskóla ársins 2020 átti upphaflega að halda í Vestmannaeyjum 23. til 25. september sl. og var undirbúningur hans hafinn þegar kórónuveirufaraldurinn skall á okkur íslendinga eins og aðrar þjóðir. Sökum samkomutakmarkana var ákveðið að aflýsa farskólanum í þeirri mynd sem félagsmenn þekka hann – en á sama tíma var ákveðið að hugsa í lausnum og tóku þau Bergsveinn Þórsson, Ingibjörg Áskelsdóttir og Helga Maureen Gyldfadóttir að það sér að skipuleggja FJARskóla í samstarfi við safnafræðideild Háskóla Íslands. Rafrænar málstofur fóru fram í september, október og nóvember 2020 og heppnuðust afar vel.

Stjórn FÍSOS þakkar FJARskólastjórn kærlega fyrir þeirra vinnu við undirbúning og framkvæmd FJARskóla 2020. Upptökur af málstofum FJARskólans eru aðgengilegar á vefsíðu FÍSOS.

Í árslok 2019 tilkynnti stjórn FÍSOS staðsetningu og dagsetningu næstu fjögurra farskóla. Farskóli 2020 átti eins og fram hefur komið að halda í Vestmannaeyjum, en varð að FJARskóla.

Farskóli þessa árs, 2021 fer fram næstu daga í Stykkishólmi og er Hjördís Pálsdóttir farskólastjóri.

Að ári höldum við austur, en dagana 14. – 16. september 2022 fer farskólinn fram á Austurlandi – nánar tiltekið á Egilsstöðum og í Fjarðarbyggð og verða farskólastjórar þau Elsa Guðný Björgvinsdóttir og Pétur Sörensson

Í september 2023 stendur svo til að halda farskólann á erlendri grund og ákvað stjórn FÍSOS á fundi sínum þann 9. júní sl. að skólinn fari fram í Amsterdam. Farskólastjóri hefur ekki enn verið skipaður.

Stjórn FÍSOS vill viðhalda þeirri nýju hefð að staðsetning farskóla næstu þriggja til fjögurra ára liggi fyrir að hverju sinni, og er kallað eftir framboðum fyrir árin 2024 og 2025 á aðalfundi.

Félagatal

Samkvæmt félagatali í október 2021 eru skráðir 346 félagar í FÍSOS – og hefur þeim fjölgað um 18 frá síðasta aðalfundi; 314 einstaklingar og 32 stofnanir.

Póstlisti safnmanna

Einungis skráðir félagsmenn/söfn eru á póstlista. Þá eru þar einungis 252 netföng sem tákna að 62 félagsmenn eru ekki á póstlista FÍSOS. Stjórn FÍSOS hvetur félagsmenn til að uppfæra netfang sitt á póstlistanum til að vera vel upplýst/ur um það sem er í gangi hjá félaginu.


Heimasíða félagsins

Stjórn félagsins ákvað á fundi þann 8. apríl 2021 að Ingibjörg Áskelsdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir myndu sækja fund með fulltrúa vefhönnunarfyrikisins *Kommastrík* vegna endurnýjunar heimasíðu félagsins, www.safnmenn.is. Fyrirtækið lagði fram tillögur að útliti nýrrar heimasíðu og verðtilboð sem stjórn samþykkti þann 4. maí 2021. Ný heimasíða FÍSOS var „forsýnd“ á farskólanum í Stykkishólmi og fellur vonandi vel í kramið hjá félagsmönnum – en hún verður aðgengileg á vefnum þegar líður á haustið. En heimasíðan hefur að geyma miklar upplýsingar um starfsemi félagsins, farskóla fyrri ára osfrv. auk þess sem þar birtast fréttatilkynningar til félagsmanna.

Safnablaðið Kvistur

Á aðalfundi félagsins 2016 var samþykkt að félagið tæki að sér útgáfu safnablaðsins Kvists. Þáverandi stjórn FÍSOS taldi að áframhaldandi útgáfa blaðsins væri íslensku safnastarfi til framdráttar og gæti þar að auki nýst til að auka sýnileika félagsins og efla starf þess. Núverandi stjórn tekur undir það álit. Allur rekstur og útgáfa blaðsins er nú í umsjón FÍSOS og hefur verkefnið meðal annars aðskildan reikning í bókhaldi félagsins.

Styrkur fékkst úr safnasjóði árið 2021 fyrir útgáfu 8. tbl. Kvists að upphæð 700.000 kr. og með framlagi félagsgjalda sem og auglýsingatekna var útgáfa 8. tbl. tryggð. Blaðinu er dreift til þeirra félagsmanna sem greitt hafa félagsgjöld og þá er það einnig til sölu í Bóksölu stúdenta í Háskóla Íslands. Þá er aðgangur að eldri tölublaðum á heimasíðu félagins og á timarit.is – þó ári eftir útgáfu.



Fulltrúi stjórnar FÍSOS í ritstjórn er Þóra Sigurbjörnsdóttir en aðrir í ritstjórn eru: Elfa Hlín Sigrúnar Pétursdóttir ritstjóri, Ágústa Kristófersdóttir, Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Jan Aksel Harder Klitgaard.

Efst á baugi í 8. tölublaði Kvists eru hinar ýmsu áskoranir sem söfn hafa þurft að takast á við undanfarin misseri, sökum heimsfaraldurs kórónaveiru, aurskriða á Seyðisfirði, jarðskjálfta og eldgoss á Reykjanesi.

Stjórn FÍSOS færir ritstjórn Kvists bestu þakkir fyrir þeirra ómetanlega framlag við að koma blaðinu út og í hendur félagsmanna.

Samfélagsmiðlar

FÍSOS heldur út fésbókarsíðu en fylgjendur hennar í dag eru 942 (fækkun um 59 á milli ára). Einnig heldur félagið utan um hóp á fésbókinni sem heitir Safnmenn – FÍSOS félag íslenskra safna og safnmanna þar sem félagsmenn eru hvattir til að deila viðburðum og öðru er viðkemur starfi safna. Í þeim hópi eru í dag 748 (fjölgun um 57 á milli ára) og er hópurinn opinn fyrir öllu áhugafólki um söfn og störf þeirra.

Safnasjóður

Félagið sótti um í safnasjóð í desember 2020 og fékk úthlutað styrkjum í þrjú verkefni. Heildarúthlutun úr aðalúthlutun safnasjóðs 2021 nam 3.100.000 kr.

Verkefnastyrkir í kr.:

- Farskóli FÍSOS 2021 í Stykkishólmi – 1.800.000
- Safnblaðið Kvistur – 8. tbl. – 700.000
- Safnadagurinn 18. maí 2021 – 600.000

Verkefnin voru öll unnin á árinu, en enn á eftir að halda námskeið fyrir safnafólk á Norðurlandi, um varðveislu safngripa á sýningum með áherslu á uppsetningu þeirra fyrir safnafólk, sem frestað hefur verið í tvígang vegna sóttvarnarreglna. Stefnt er að því að halda námskeiðið sem fyrst.

Innlent samstarf

FÍSOS, ICOM og safnaráð

Fulltrúar félaganna hafa fundað á árinu og lagt drög að því að formgera samstarf félaganna þriggja, með það að markmiði að standa fyrir námskeiðum, málþingum og vinnustofum. Unnið hefur verið að undirbúningi málþings um varðveislumál sem áætlað er að fari fram í mars 2022.

FÍSOS og ICOM / Safnadagurinn 18. maí 2021 – *Framtíð safna: Uppbygging og nýjar áherslur*

Alþjóðlegi safnadagurinn er haldinn ár hvert þann 18. maí af International Council of Museums (ICOM). Þátttakendur eru um 40.000 söfn í 140 löndum. Söfn um allan heim skipuleggja dagskrá þann dag, helgina eða jafnvel vikuna alla sem 18. maí ber upp á og hefur það verið gert öll árin síðan 1977. Dagurinn hefur verið haldinn hátíðlegur hérlendis í sex ár.

Íslandsdeild ICOM og FÍSOS hvöttu söfn á Íslandi til að taka þátt í alþjóðlega safnadeginum út frá þemanu *Framtíð safna: Uppbygging og nýjar áherslur*. Ákveðið var að fá verkefnastjóra til að sjá um undirbúning og framkvæmd safnadagsins fyrir hönd félaganna tveggja og var Kolbrún Ýr Einarsdóttir ráðin til verksins. Hún sá um bæði undirbúning og framkvæmd safnadagsins, og hvatti söfn og starfsfólk þeirra til að taka virkan þátt í deginum. Sérstök áhersla var lögð á notkun samfélagsmiðla, en þar að auki var auglýst í útvarpi og greinar skrifaðar í dagblöð – allt í því augnamiði að vekja athygli á safnadeginum og safnastarfi í landinu almennt.

Kynningartexti fyrir Safnadaginn 2021 frá Íslandsdeild ICOM:

Í tilefni hins árlega alþjóðlega safnadags velur ICOM þema sem tengist málefnum sem eru ofarlega á baugi hverju sinni og fólki hugleikin.

Þema alþjóðlega safnadagsins 2021 er; *Framtíð safna: Uppbygging og nýjar áherslur*. Söfnum, fagfólki, starfsfólki safna og almenningi er boðið að nota þemað eða leiðarstefið sem ICOM hefur valið í ár til að móta nýjar stefnur og þróa hugmyndir sem geta nýst menningarstofnunum við þeim ýmsum áskorunum sem blasa við í jafnréttis-, efnahags- og umhverfismálum um þessar mundir. Markmiðið er að samfélagið allt njóti góðs af.

Árið 2020 var óvenjulegt og reyndist mörgum erfitt. Heimsfaraldur af völdum COVID-19 hafði áhrif á flesta þætti lífs okkar. Sum vandamál sem ekki hefur tekist að leysa versnuðu þegar heimsfaraldurinn skall á og urðu til þess að efasemdaraddir um hvernig samfélög okkar eru uppbyggð tóku að heyrast víða og kröfur um jafnrétti fyrir allar manneskjur urðu háværari en áður.

Söfn fóru ekki varhluta af ástandinu sem skapaðist í heimsfaraldrinum því loka þurfti fjölmörgum þeirra, tímabundið. Ástandið hafði slæm fjárhagsleg, samfélagsleg og sálræn áhrif á allan menningargeirann og ekki sér enn fyrir endann á því. En það hafa einnig verið jákvæð teikn á lofti því að þessi erfiða staða varð til þess að ýmsar nýjungar voru kynntar til sögunnar sem líklega eru komnar til að vera. Nægir að nefna aukna áherslu á stafræna miðlun og nýstárlegar hugmyndir um menningarupplifun og miðlun þeirra.

Við sem samfélag stöndum á mikilvægum tímamótum. Í þessu árferði hafa skapast tækifæri fyrir söfn til að skoða betur aðferðir sínar við að ná athygli samfélagsins sem þau þjóna. Söfn eru því hvött til að skoða þá fjölbreyttu rafrænu möguleika sem í boði eru til að miðla, fræða og skemmta. Þannig geta söfn lagt lóð á vogarskálar réttlátrar og sjálfbærrar framtíðar. Við þurfum að fanga tækifærið og vera í forsvari fyrir nýsköpun í menningarstarfi sem gerir heiminn að betri stað, núna og eftir að heimsfaraldurinn heyrir sögunni til.

Við óskum ykkur gleði og velgengni á alþjóðlega safnadeginum 2021!

FÍSOS og ICOM – Íslensku safnaverðlaunin 2022

Íslandsdeild Alþjóðaráðs safna, ICOM, og FÍSOS standa saman að Íslensku safnaverðlaununum sem er viðurkenning veitt annað hvert ár íslensku safni fyrir framúrskarandi starfsemi, en fyrstu verðlaunin voru afhent árið 2000. Valnefnd hefur verið skipuð og hún hafið störf sín. Félagsmenn geta því farið að huga að tilnefningum til verðlaunanna sem veitt verða á komandi ári.

Fundur með fulltrúum stjórnmalafokka um stöðu safna í landinu

Stjórn FÍSOS í samvinnu við öflugra félagsmenn stóð fyrir fundi með fulltrúum stjórnmalaflokka sem buðu fram til Alþingiskosninga í september 2021. Fundurinn var undirbúinn af Þóru Sigurbjörnsdóttur, meðstjórnanda í FÍSOS, Sigurði Trausta Traustasyni og Helgu Maureen Gylfadóttur, félögum í FÍSOS.

Fundurinn fór fram í Sjóminajsafninu í Reykjavík þann 19. ágúst og var honum jafnframt streymt svo fjarstaddir gátu fylgst með. Fundarstjóri var Ólöf Gerður Sigfúsdóttir, doktorsnemi í safnafræði. Tilgangur fundarins var að hvetja til umræðu meðal frambjóðenda og stjórnmalaflokka, um stöðu safna í landinu. Ábyrgð þingmanna er rík, því í flestum kjördæmum landsins er að finna að minnsta kosti eina stofnun sem fellur undir safnalög. Í aðdraganda fundarins var einstaklingum og stjórnmalaflokkum send ályktun og varpað fram þessum spurningum:

- Hver er stefna þíns flokks/framboðs í safnamálum og hverjar eru helstu áherslur til næstu fjögurra ára? Hvar má nálgast stefnuna? Hefur þinn flokkur/framboð kynnt sér nýja stefnumörkun stjórnvalda um safnastarf og menningararf?
- Hvaða hlutverki gegna höfuðsöfnin að þínu mati?
- Hvernig sér þinn flokkur/framboð fyrir sér eflingu **safnasjóðs** til framtíðar?
- Hver er afstaða þíns flokks/framboðs til varðveislumála höfuðsafnanna, e.o. hjá Listasafni Íslands líkt og kom fram í þætti *Kveiks* frá 8. október 2020.
- Í ljósi náttúruhamfara (eldgoss, jarðskjálfta og skriðufalla) hvernig sér þinn flokkur/framboð fyrir sér hvernig best er að tryggja örugga varðveislu menningararfsins samkvæmt viðurkenndum stöðlum?

Skrifleg svör bárust frá Sjálfstæðisflokknum, Framsóknarflokknum, Vinstri hreyfingunni grænu framboði og Pírötum.

Fundinn sóttu Lilja Alfreðsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra, fyrir hönd Framsóknarflokksins, Inga Björk Bjarnadóttir fyrir hönd Samfylkingar, Eiríkur Björn Björgvinsson fyrir hönd Viðreisnar, Steinunn Þóra Árnadóttur fyrir hönd Vinstri hreyfingarinnar græns framboðs, Vilhjálmur Árnason fyrir hönd Sjálfstæðisflokks, Oktavía Hrund Jónsdóttir fyrir hönd Pírata, Vilborg Bergmann fyrir hönd Miðflokksins og Jakob Frímagn Magnússon fyrir hönd Flokks fólksins og sátu þau fyrir svörum.

Stjórn FÍSOS þakkar undirbúningsnefnd fundarins kærlega fyrir sitt framlag, sem og fulltrúum stjórnmalaflokkanna fyrir komuna. Félagið telur mikilvægt að halda málefnum safna á lofti og eru fundir sem þessi liður í þeirri vinnu.

Vinnustofa Ferðamálastofu, Íslandsstofu og Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins

FÍSOS fékk boð um þátttöku í fundi um ferð svokallaðrar *Íslandsgáttar*. Henni er ætlað að vera miðlæg upplýsingagátt með öllum þeim upplýsingum sem ferðmenn þurfa. Ingibjörg Áskelsdóttir sótti vinnustofuna sem fram fór á Hilton Hótel Nordica þann 18. febrúar 2021, fyrir hönd félagsins. Stjórn félagsins fagnaði því að óskað væri eftir rödd safna inn á fundinn, því ferðamenn eru margir hverjir mjög duglegir við að heimsækja söfn, og mikilvægt að ferðaþjónustan gleymi ekki söfnunum þegar upplýsingum um afþreyingu er miðlað til ferðamanna.

Samstarf RÚV og FÍSOS

Sumarmál

Frá árinu 2018 hefur FÍSOS átt í samstarfi við þáttinn Sumarmál á Rás 1 þar sem fjallað hefur verið um íslensk söfn og starfsemi þeirra amk einu sinni í viku yfir sumartímann. Nú í sumar var fjallað um *safn vikunnar* alla þriðjudaga á tímabilinu 29. júní – 24. ágúst. Þáttarstjórnendur tóku viðtöl við fulltrúa safna um land allt og ræddu fjölbreytt verkefni, sýningar, gestamóttöku og þar fram eftir götunum. Eftirtalin söfn þátt í verkefninu sumarið 2021: Listasafn Reykjanesbæjar, Listasafn Íslands, Byggðasafn Árnesinga, Lyfjafræðisafnið, Listasafnið á Akureyri, Borgarsögusafn, Listasafn Einars Jónssonar, Grasagarður Reykjavíkur og Minjasafnið á Akureyri.

Líkt og áður voru þáttarstjórnendur afar ánægðir með framlag félagsmanna til verkefnisins og er von á áframhaldandi samstarfi næsta sumar.

Samlesnar auglýsingar

Undanfarin ár hefur FÍSOS í samvinnu við auglýsingardeild RÚV staðið fyrir sameiginlegu kynningarátaki safna með samlesnum auglýsingum rásum ríkisútvarpsins; Rás1 og Rás2. Því samstarfi var haldið áfram, en með örlitlum áherslubreytingum. Nú voru söfn hvers landshluta kynnt saman í því augnamiði að fjölga safnheimsóknnum innlendra gesta á ferð um landið.

Erlent samstarf

NEMO - Network of European Museum Organisation

Sökum heimsfaraldursins voru engir fundir eða ráðstefnur haldin á vegum NEMO. En frá því að COVID19 reið yfir heimsbyggðina þá hefur NEMO staðið fyrir ýmsum könnunum um áhrif faraldursins á safnastarf í Evrópu og óskað eftir þátttöku Íslands í þeim könnunum. Stjórn FÍSOS hefur hvatt félagsmenn til að taka þátt í þessum könnunum því það er mikilvægt að sjá hve áhrifin hérlendis eru miðaða við í Evrópu. Stjórn FÍSOS hefur jafnframt sent skrifstofu NEMO upplýsingar um samkomutakmarkanir hér á landið á árinu 2021 sem þau færa inn á lifandi kort af Evrópu sem sýnir opnanir og lokanir safna. Aðalfundur NEMO verður haldinn í nóvember nk. og munu fulltrúar stjórnar FÍSOS taka þátt í fundinum í fjarfundarbúnaði.

Uppbyggingasjóður EES – Rúmenía og FÍSOS

Sinele. Muzeul în continuă transformare/ 5 rings

Í apríl 2019 samþykkti stjórn FÍSOS samþykkti að ganga til formlegs samstarf við Dragos Neamu hjá Noaptea Muzeelor și Museums Meet Museums í Rúmeníu og var gengið frá umsókn í EES sjóðinn í júní 2020. Dragos hefur setið í stjórn NEMO og óskað eftir samstarfssafni á Íslandi fyrir styrkumsókn í EES. Stjórn FÍSOS sendi erindi hans á safnlistann en ekkert safn hafði tök á að taka þátt. Því varð úr að FÍSOS gerðist samstarfsaðili að verkefninu. Umsóknin náði ekki í gegn og var ákveðið að reyna aftur árið 2021, og samþykkti stjórn á fundi sínum þann 8. september 2021 að taka áfram þátt í verkefninu, sem byggir á sömu forsendum og áður.

Þátttaka FÍSOS felst í því að taka á móti sendinefnd frá Rúmeníu og sýna þeim söfn og sýningar á Íslandi. Einnig að heimsækja safnið í Rúmeníu tvisar og taka þátt í hugmyndavinnu vegna stofnunar hins nýja safns. Ráðgert er að verkefnið verði unnið á árinu 2022. Fjárhagslegur kostnaður FÍSOS við þátttöku í verkefninu er enginn.

NAME - Nordic Association for Museum Education

NAME er norrænt tengslanet fyrir starfsmenn og sérfræðinga fræðslu á söfnum og menningarstofnunum. NAME samanstendur af fimm norrænum félögum: FÍSOS, SFF (Noregur), FUISM (Svíþjóð), Pedaali (Finnland) og MiD (Danmörk). FÍSOS hefur tekið virkan þátt í tengslanetinu frá byrjun árs 2015. NAME fékk ekki styrk sem það sóttist eftir til að halda verkefninu áfram árið 2018. Verkefnið hefur því verið í biðstöðu síðan þá.

Að endingu

Í þessari ársskýrslu er tíundað það helsta sem stjórn FÍSOS hefur tekið sér fyrir hendur á líðandi starfsári – sem hefur að mörgu leyti verið óvanalegt sökum þess að kórónufaraldurinn og samkomutakmarkanir höfðu mikil áhrif á safnastarf sem og hversdaginn sjálfan langað úr árinu. Stjórnin vann að heilindum að öllum þeim verkefnum sem hún tók sér fyrir hendur og tók þátt í – og hafði í allri þeirri vinnu starfsemi safna, sýnileika þeirra og stöðu í samfélaginu að leiðarljósi.

Það er sannarlega von til þess að við séum komin yfir erfiðasta hjallann og getum horft björtum augum til framtíðar. Sú staðreynd að farskóli sé haldinn í þeirri mynd sem við vorum vön fyrir COVID er mikið fagnaðarefni, og kristallast í góðri þátttöku en rúmlega 130 safnmenn frá tæplega 50 ólíkum stofnunum eru samankomnir í Stykkishólmi þessa dagana til að endurýja kynnin, læra og miðla.

Ég þakka félagsmönnum öllum sem og stjórnarmönnum gott og gefandi samstarf á árinu, og hlakka til þess næsta.



formaður FÍSOS

Siglufirði, 9. október 2021

Stjórn FÍSOS 2020 – 2021 skipa:

Formaður: Anita Elefsen, Síldarminjasafn Íslands

Varaformaður: Gunnþóra Halldórsdóttir, Kvikmyndasafn Íslands

Gjaldkeri: Jón Allansson, Byggðasafnið á Görðum

Ritari: Ingibjörg Áskelsdóttir, Borgarsögusafn Reykjavíkur

Meðstjórnandi: Þóra Sigurbjörnsdóttir, Hönnunarsafn Íslands

Varamenn: Sigríður Þorgeirsdóttir, Þjóðminjasafn Íslands og Hjörtur Þorbjörnsson, Grasagarður Reykjavíkur